

Alþingi
Erindi nr. P 132/1450
komudagur 23.3.2006

Samtök fiskvinnslu án útgerðar

Kt. 660494-2519, Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi
Sími 5544680 fax 5546715 pósthfang : isfiskur@isfiskur.is

Til Sjávarútvegsnefndar Alþingis

Umsögn frá stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar: SFAÚ

Varðar tillögu til þingsályktunar um leiðir til þess að auka fullvinnslu á fiski hérlendis.

Stjórn SFAÚ styður heilshugar ofnagreinda þingsályktunartillögu, merkt sem 212. mál á 132. löggjafarþingi:

Eins og nú er ástatt þá njóta erlendir fiskkaupendur forgangs fram yfir íslensk fiskvinnslufyrirtæki, um kaup á því mikla magni af óunnum fiski sem flutt er út í gámum frá landinu.

Á sama tíma gera fiskkaupendur og fiskmarkaðir erlendis út kaupendur sem bjóða í fisk á mótí íslenskum fiskvinnslum á fiskmörkuðunum hér heima. Dæmi eru um að slíkir aðilar hafi fengið sérstaka styrki frá ESB gagngert til að opna bankaábyrgðir til þess að stunda þessi viðskipti hér.

SFAÚ hefur árum saman, en án árangurs, barist fyrir því sjálfsagða réttlætismáli að hafa tækifæri a.m.k. til jafns við erlend fyrirtæki til þess að kaupa óunninn fisk af Íslandsmiðum.

Þessi forgangur erlendra aðila hefur mjög skaðleg áhrif á hagsmuni íslenskrar fiskvinnslu:

- Skerðir verulega möguleika fiskvinnslunnar, til þess að halda uppi stöðugri vinnslu.
- Veikir markaðslega stöðu íslenskra fiskvinnslufyrirtækja. Þau hafa ekki eins sterka stöðu til þess að tryggja sínum viðskiptavinum stöðuga afhendingu og standa við pantanir. Þetta myndi gjörbreytast með því að allur fiskur yrði seldur hér heima og markaðsstaðan styrkjast að sama skapi.
- Hefur neikvæð áhrif á gæðaimynd íslensks fisks, þar sem gámafiskurinn er allt að því rúmlega vikugamall þegar honum er loks dreift í verslanir erlendis og því stuttur tími til stefnu, þar til hann byrjar að skemmast.
- Framangreind staða veldur því að erlendir aðilar þurfa oft að undirbjóða íslenska framleiðendur, sem senda glæný fiskflök með flugi út á markaðinn. Ekki þarf að fjölyrða um hve neikvæð áhrif það síðan hefur á neytendur þegar þeir verða fyrir þeirri reynslu að geta ekki treyst á gæðin, fá stundum góðan fisk og stundum lélegan eða skemmdan.
- Samanlögð áhrif af núverandi fyrirkomulagi, samkv. því sem að framan er talið, er skaði bæði fyrir íslensk fyrirtæki sem og þjóðabú sem nemur hundruð milljóna króna árlega.

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar æskir þess eindregið að fá að koma á fund háttvirtrar Sjávarútvegsnefndar til þess að skýra þessi mál betur, enda þekkir enginn betur til þeirra, heldur en forsvarsmenn þeirra fyrirtækja sem eru innan samtakanna..

Reykjavík 21. mars 2006.

Virðingafyllst

F.h. SFAÚ

Oskar Þór Karlsson formaður

